



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Um ársreikning Reykjavíkurborgar 2025

Á fundi endurskoðunarnefndar þann 9. apríl 2026 fór fram kynning og lögð fram trúnaðarmerkt drög að ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025, dags. 7. apríl 2026, ásamt trúnaðarmerktri greinargerð fagsviða og sjóða A hluta, trúnaðarmerktri greinargerð B hluta félaga og trúnaðarmerktri skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs. IER26010002

Halldóra Káradóttir, Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, Jónas Skúlason, Fjóla Þorgerður Hreinsdóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Samþykkt endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að nefndin hafi eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftirlit með ytri og innri endurskoðun og fari auk þess yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin hefur í samræmi við það fengið kynningu fjármála- og áhættustýringarsviðs á drögum að ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 ásamt fylgigögnum sem verður lagður fram á fundi borgarráðs þann 15. apríl nk. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli ofangreinds að ekkert bendi til annars en að ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 teljist fullgerður og tilbúinn til endurskoðunar í samræmi við 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Ingunn Ólafsdóttir

e.u.